

A photograph of Claudia Hausfeld, an artist, sitting at her desk in a workshop. She is wearing glasses and a dark blue shirt, focused on her work. The desk is covered with various small, colorful objects and materials, likely used in her art. On the wall behind her, several framed photographs and artworks are displayed, including a portrait of a woman and a still life with a vase. The lighting is soft, and the overall atmosphere is one of creative concentration.

Claudia Hausfeld

Claudia Hausfeld fæddist í Austur-Berlín árið 1980, en er nú búsett á Íslandi. Hún útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands árið 2012. Í verkum sínum vinnur Claudia með ýmsa miðla, einkum innsetningar og klippiverk þar sem hún veltir fyrir sér eðli tímans, raunveruleikans og því sem felst raunverulega í hugtakinu heimili.

Claudia Hausfeld, born 1980 in East Berlin, now living in Iceland, graduated from the Iceland Academy of Arts in 2012. As an artist she moves between different mediums and creates installations and collages that question and reflect time, reality and what home is.

claudiahausfeld.com

Interview by
Merituuli Holm

Þú lærðir ljósmyndun í Zurich? Ég lærði þar í tvö og hálf ár og endaði með nokkurskonar fornámsgráðu. Ljósmyndadeildin í Zurich er mjög gömul, og skólinn er góður. Vinnuaðstaðan var einnig mjög góð, sem og kennararnir. Ljósmyndun er í raun upphafspunktur allra minna verka.

Hvernig endaðirðu í Listaháskóla Íslands? Maðurinn minn var á leiðinni hingað til þess að gera sína fyrstu kvikmynd í fullri lengd. Ég ákvað því að prófa að sækja um í Listaháskólanum. Ég vildi bæði klára grunnnám, en mig vantaði líka leið inn í kerfið hér á Íslandi, fyrst að við ætluðum að flytjast hingað.

Hvernig var reynsla þín af náminu hér samanborið við námið í Zurich? Ef þú veist í alvöru hvað þú vilt gera er námið hér frábært. Aðstaðan er frábær, og skólinn er opinn. Kennararnir eru einnig mjög hjálpsamir. Andrúmsloftið er frjálst og því er auðvelt að gera tilraunir. Í Listaháskólanum byrjaði ég að hugsa um möguleika ljósmyndarinnar. Ég byrjaði í raun að hugsa um hana sem hlut, frekar en ferkantaða mynd á vegg.

Þú hefur unnið með klippimyndir, ljósmyndir, innsetningar og vídjó. Er vídjóið eitthvað sem þú vannst aðallega með í náminu? Ég er ennþá mjög áhugasöm um vídjó, en það er erfiðara ferli. Þegar unnið er með vídjó þarf að hugsa um hljóðið, klipp og allt sem því fylgir. Ég byrjaði í vídjóinu vegna hópavinnu í Listaháskólanum og líkaði vel. Mér fannst það í raun rökrétt framhald af ljósmyndun. Ég er með hugmynd að kvikmynd í kollinum en hef ekki alveg ákveðið söguþráðinn. Ég vil að hún sé skiljanleg á blaði áður en ég byrja að taka upp, en þetta er bara í huga mér enn sem komið er.

Segðu mér frá hugmyndinni. Ég á mér einskonar alter-ego, skepnu sem er blind, heyrnarlaus og mállaus, eins og steinn. Ég gerði stóran og fyrirferðarmikinn búning úr mörgum bútum af dýrafeldi. Ég ímyndaði mér að ég myndi leika þessa veru sem ráfar stefnulaust um í leit að heimili, og myndi túlka þetta með ljósmyndum í stop-motion. Ég hef líka verið að gera stop-motion-myndir úr matarklippimyndum.

Claudia vísar í klippimyndir hennar gerðar úr út-klippum matarmyndum. Svona vinna er mjög afslappandi fyrir mig. Í raun er engin sérstök hugmynd, ekki mikið frá að segja. Bara ánægjan af vinnunni sjálfri. Ég vinn í þessu ef ég er ekki að vinna í öðrum verkefnum eða sýningum. Þetta er því einskonar hliðarverkefni þó svo að þetta vindi reyndar upp á sig.

You began your studies with photography in Zurich? I studied there for two and a half years and got some kind of Pre-diploma. The photography department at the art school in Zurich is pretty old and it's a good school. They have really good facilities and good teachers. Photography is the starting point of everything I do, it's my base.

How did you end up in Iceland and at the Iceland Academy of Arts? My husband was going to make his first feature film in Iceland and I just applied to the Academy, I wanted to finish my studies, I wanted to have a bachelor. Also for practical reasons, because we were going to move to Iceland and I really needed the entrance, a doorway to get into the system.

How did the studies in Iceland contribute to your previous education? If you know what you want to do at the art school here, you are really well off. The facilities are great, and it is very open, especially the teachers in the workshops are really helpful. It's very liberal, a sort of free space to experiment and to do things. I started thinking more about going away from photography as just this square picture on the wall and thinking a little bit more about photography as an object, or what else photography could be.

You have worked with collages, photo, installations and video, is video something you did only during your studies? I am still very interested. It's always a bigger kind of thing to do, because there are more layers, you have the sound as well and editing and all these things. I got into video because I was put into the time based media group at the academy, and I really liked it. For me it's a logical consequence from photography, somehow connected. I'm having this film idea in my head. I haven't really set the narrative; I would like it to make sense on paper before I start taking shots, so it's more happening in my head.

Can you tell me a little bit about this film idea you have in mind? I have this alter ego, this creature that is deaf and blind and sort of mute, a bit like a stone. I made this costume, huge and heavy from lots of different fur pieces, all these dead animals. I was imagining I would be this creature wandering aimlessly around to find a place, a home, and it would be conceived through photography. I have also been making stop motion animations from food collages.



Myndlist Art



neptún magazine #02

Myndlist
Art

Hvar nærðu í myndirnar? Úr gömlum skandinavískum matarþóskortum. Þau eru orðin einskonar safngripir, og þau er að finna í Svíþjóð, Noregi og Danmörku. Ég held að þau hafi fylgt gömlum dömblöðum en ég kaupi þau í fornbúðum. Ég finn allar myndir sem ég vinn með í gömlum bókum og tímaritum, nema ég taki þær sjálf.

Ég sé að þú hefur áhuga á heimspeki Já, ég reyni að lesa mikið. Núna er ég að lesa Words Without Pictures, fræðigreinar um ljósmyndun. Það virðist vera gjá milli ljósmyndunar sem skilgreind er listræn, og ljósmyndunar sem ekki er skilgreind sem list, t.d. heimildaljósmýndun. Þar fyrir utan er ljósmyndun ungt listform sem tengist á vissan hátt skúlptúr og listmálun. Allt þetta gerir okkur kleift að velta fyrir okkur eðli miðilsins.

Hvers vegna notar þú gamlar myndir í klippi-myndir, ekki þínar eigin? Fyrst var það út af praktískum ástæðum, ég var nýflutt til Kaupmannahafnar og var heima að hugsa um barnið mitt. Ég fór ekki mikið út en þurfti þó að vinna að einhverju. Svo er það líka eitthvað með fagurfræðina, ég kann vel við það sem er gamalt. Til dæmis finnst mér gott að nota gamlan við í ramma, mér líkar litir frá öðrum tíma. Hinsvegar nota ég líka mínar eigin myndir sem efnivið, en mér finnst gaman að fikta við myndir.

Allar myndir hafa hvort sem er verið teknar einhvern tímann áður, stundum finnst mér jafnvel óþarfi að taka þær aftur. Allt fer í hring, er notað og endurnýtt. Endurnýting er líka eitthvað sem ég hef áhuga á. Ferlið snýst um endurnýtingu.

Veita ljósmyndarar samtímans þér einnig innblástur? Margir yngri ljósmyndarar eru að fást við ljósmyndun sem miðil í eigin sköpun. Það finnst mér mjög áhugavert, þegar þeir leika sér með sjónarhorn og ljós, sem er það sem ljósmyndun samanstendur í raun af. Mér finnst Taiyo Onorato og Nico Krebs mjög áhugaverðir ljósmyndarar og þeir veita mér mikinn innblástur, en ég lærði með þeim í Zurich.

Líka Asger Carlsen, en hann tekur svart-hvítar myndir þar sem hann blandar saman fólki og við. Myndirnar hans gætu næstum því verið tískuljósmýndir, ef fólkið á myndunum væri ekki bjagað á skringilegan hátt. Við hugsum enn um ljósmyndir sem sannanir fyrir því sem hefur átt sér stað, þrátt fyrir að við vitum að hægt er að hagræða þeim og breyta með brögðum og brellum. Við stólum á sönnunargildi ljósmynda. Það er líka áhugavert og hægt að leika sér með, því að ljósmyndir sýna ekki raunveruleikann, ljósmyndir eru bara myndir.

Claudia refers to her cutouts of pictures of food, made into creatures; she has been working with them over a longer period: For me these kind of things are very relaxing, there is no concept, there isn't much to say. It's just fun, I do this if I don't have a project or a show; It's a side thing, although it's turning out to be a lot.

Where do you find the pictures? From food cards, these collectable cookbook stuff, they are Swedish, Norwegian, Danish some old Scandinavian thing. I guess they came with old women's magazines, I just buy them at thrift stores, basically all pictures I use apart from the ones I take myself, are from old books and magazines.

You seem to like philosophy a lot? Yes, I try to read a lot. Right now I'm reading Words Without Pictures, essays around photography theory. Apart from the issue of photography being a very young form of expression and its relation to sculpture and painting, there is this gap between non art photography, like documentary photography, and photography as art. This void within photography establishes a space for thought on the medium itself

Why do you mostly cut out old pictures for the collages and not use your own? There were some practical reasons, like when I first moved to Copenhagen and I was at home with my child. I didn't move around that much and I still needed material to do something, this was the closest thing to get to. Then there is something with the aesthetics as well, I like old aesthetics. I for example use old wood for frames; I like the colors that are from another time. But somehow I'm treating my own pictures as mere material as well, I like doing something to images. I think every picture has been taken anyways and I often find it unnecessary to take it again. Everything is just circling around, taking and using and recycling. Recycling is a big part as well, I like recycling. The work is about putting it together anew.

Do you find inspiration in today's photographers? There are younger photographers talking about photography in photography, which I think is fascinating, playing with perspective, drawing from light, as photography is. There are two guys that I studied with in Zurich, Taiyo Onorato and Nico Krebs, they do some really fascinating stuff. I have been following them and they are a big inspiration for me. Or for example Asger Carlsen, he does black and white photography where he blends models and wood, it could be fashion photography but then the people are distorted in the pictures, it's kind of shocking and weird. I think we still

Hver er hugsunin á bak við myndirnar þar sem þú skeytir saman skýjakljúfum og náttúrunni? Kjarninn er í raun hugmyndin um heimili. Hús og kofar birtast ítrekað í verkum mínum, og fyrir mér er borg í raun bara annað form húss. Ég hugsa mikið um samband mannsins og náttúrunnar, og hvernig maðurinn gerir innrás í náttúruna. Svo getur það líka verið á hinn veginn; náttúran getur haft áhrif á mannfólkið, eins og sést í myndinni af manni með foss í staðinn fyrir skegg. Við aðskiljum oft þessi tvö hugtök, en ég vil að þau sameinist og verði eitt. Það er þannig hvort sem er.

Þú blandar oft svarthvítum myndum saman við litmyndir? Fyndið, maðurinn minn segir það sama. Stundum þegar ég blanda myndum saman er niðurstaðan of lík mynd sem gæti verið raunveruleg, ekki samsett. Það svarthvíta gefur til kynna að svo er ekki raunin.

Hvaða aðferðir notar þú við gerð klippimynda-anna? Lokaútgáfan er langoftast blekprent; stundum geri ég klippimynda í tölvu, stundum í höndunum, fer eftir aðstæðum.

Þú hefur áhuga á óhefðbundnum sýningar-rýmum, er það ekki? Í Reykjavík hefur þú nýlega sýnt á strætóstoppistöð, á hosteli og í litlum glugga sem sneri að gangandi vegfarendum. Ég velti fyrir mér hvort eitthvað annað búi þar að baki en einfaldlega að grípa hvert tækifæri sem gefst til þess að sýna. Almenningsrými eru vissulega áhugaverð, en gallerí og lista-söfn eru hlutlausari. Í almenningsrýmum áttar fólk sig ekki endilega á því að eitthvað eigi að vera listaverk. Fólk segir þá oft eitthvað skondið um verkin. Til dæmis þegar ég sýndi krumpað útprent af húsi í glugganum sagði kona við mig: „En fín sessa sem þú hannaðir“. Fyrir henni var krumpaði pappírinn sessa til þess að sitja á. Í almenningsrými er fólk ekki með fyrirfram mótaðar hugmyndir; „ég ætla núna að horfa á list“, og þá koma svona skondnar athugasemdir, sem er mjög skemmtilegt.

Þú hefur búið á allnokkrum stöðum. Hvers vegna veltir þú fyrir þér hugtakinu heimili? Ég veit ekki hvort allt byggir á því, en staðurinn þar sem ég ólst upp, þaðan sem ég hef allar mínar minningar, hvarf. Hægt er að heimsækja flesta staði, en ekki þennan. Þetta rötleysi er sem rauður þráður í gegnum líf mitt.

Ég hef í raun engar rætur. Hins vegar veitir það mér líka innblástur á ýmsan hátt, það er ekki bara neikvætt.

do take photography as a proof for something real, even though we all know it's enhanced and manipulated, in our heads it's like we rely on it as being a proof of something. That's an interesting thing to play with as well. Because it really is not, it's just an image.

Which thoughts are behind the collages where you combine pictures from two different worlds like skyscrapers appearing in the middle of rural nature? At the core of all these kind of things is always the home; I use the house a lot, the hut, always reappearing in my collages and work. I think the city is just another form of a hut or housing. It's humans and nature somehow and how humans invade nature and spread everywhere. But also the other way around, the way nature has an impact on human life, for example the one with a guy that has a waterfall as his beard. I think it's these two things that we kind of keep apart, but I like them to merge, to become one, since it's all one anyways. I am making these hybrid situations that are possible, they are unlikely but they could be.

You often combine colored pictures with black and white ones? That's funny; my husband also mentioned this. Sometimes when I put pictures together it looks too much like a picture that someone or I could have taken. The black and white is a hint that this is not a real thing.

What is the technique you use for the collages? The final outcome is basically always an inkjet print; sometimes I make the collage on the computer and sometimes by hand, depending on my mood.

You seem intrigued of finding other ways of exhibiting? In Reykjavik you have recently showed work at a bus stop, at a hostel and in a small window space where people passing by on the street could see the art from outside. I wonder if there is more to it than taking opportunities to show work, taking what comes along. Although public spaces are interesting, sometimes galleries or museums and these spaces can be something of a vacuum. In public spaces, people see your stuff, people that would perhaps not look at art. And then it's funny how you get interesting comments and feedback. When I had this exhibition in the window, a printout of a crumbled house, someone said, "you're designing a lovely cushion there", because it became so fluffy; for this person it was a cushion. People going there without having a prepared mind "I'm going to look at art", that is when thoughts like this come, I love that.



Í sýningunni Shelter rústaðir þú húsi sem þú staðsettir í miðju sýningarrýminu. Getur þú sagt mér meira um það? Þetta var bárujárn af húsum. Á yfirborðinu endurkastaðist mynd af krumpuðu húsi. Verkið snerist um skort á skjóli, eða um staðreyndina að ekkert skjól var til staðar. Það var í raun ekki hægt að búa í neinum af þessum húsum. Ég hrífst af hrörnun, ekkert endist að eilífu en ljósmynd getur fryst augnablikið. Ef ég tek mynd af þér núna þá frysti ég þig. Þú munt alltaf verða ung á þessari ljósmynd, á meðan líkami þinn hrörnar. Það sama gildir um hús og hluti sem þú heldur að muni endast að eilífu, þeir endast ekki jafn lengi og myndir teknar af þeim.

Þú hefur nýverið unnið við sýningarstjórnun og hjálpað til við sýningar annara listamanna. Veitir það þér innblástur eða lætur þig endurskoða þín eigin verk á einhvern hátt? Kannski ómeðvitað. Ég veit það ekki, ég held reyndar að það gerist í hvert skipti sem ég skoða sýningu. Ég veit ekki hvort það skipti nokkru hvort sýningin sé í galleríinu þar sem ég vinn eða annars staðar. Þegar ég hjálpaði vinkonu minni að setja upp sýningu fyrir á árinu kynnti hún mig reyndar fyrir nýju latex-efni sem ég hafði ekki notað áður. Svo já, ég kynnist nýjum efnum í gegnum listamennina sem ég vinn með.

Já, ég hef tekið eftir að þú notar mörg áhuga-verð efni, hvað vekur áhuga þinn á því að prófa ný og ný efni? Stundum fer það bara eftir því hvaða áhrifum ég er að leitast eftir, til dæmis eins og krumpuáhrifin. Ef maður leitast eftir slíkum áhrifum dettur manni strax málmur í hug. Kannski vill maður getað mótað eitthvað á vissan hátt og þá hentar vökvi. Ég held að maður fái strax á tilfinninguna hvaða efni er best að nota eftir því hverju maður vill ná fram. Ég er einhverskonar vera eða dýr, þannig að feldur kemst næst því. Efni segir í raun sögu um sjálf sig. Á sama hátt myndi ég velja spegil ef ég vil eitthvað fullkomlega fráhrindandi, þeir kasta öllu burt frá sér. Latex er til dæmis gott vegna þess að það skrásetur öll smáatriði, svollitíð eins og ljósmynd. Það býr til mót af fyrirmyndinni.

Hvar lærdir þú að vinna með erfið efni eins og gler og við? Á meðan ég var við nám í Sviss vann ég sem tæknimaður á söfnum. Ég er ekki fag-lærð á því sviði en þurfti að byggja ýmislegt, mála vegg og nota skrítn efni. Svo var amma mín saumakona og var lunkin við efni, ég hef líklega erfð það frá henni. Síðustu skynjanir ömmu í þessum heimi voru í gegnum snertingu. Hún talaði þá um mýkt hlutanna sem hún snerti, o.s.frv. Það eru miklar upplýsingar og sögur sem hægt er að fá í gegnum snertingu.

You lived in a couple of places. What is it that makes you reflect so much on what home is? I don't know if everything can be based on that, but the place where I grew up, from where I have so many memories, places and things, it all just vanished, disappeared. With other places you can perhaps go back and visit but that is not possible with this place. There is this rootlessness that is a red thread going through my life. Having no roots really. But I can take a lot of inspiration from that, it gives me a lot of stuff to think about and take from, it's not at all negative.

You had an exhibition called Shelter where you destroyed a house that you placed in the middle of the exhibition, can you tell me more about that? It was corrugated iron from houses, from a metal scrap yard; the skin reflected a picture of a crumbled house. It was all about the lack of shelter, the missing of it, a material that is in flux. None of these houses were really houses to live in. Decay is something that I am fascinated by, nothing lasts and this connection of not lasting to photography. Photography can fix this point in time, if we made a picture of you now, it will fix you the way you are now. You will stay young in this picture, but you will age, and the same goes for houses and stuff you think last forever, they don't last as long as the image of themselves.

You have been working as a curator helping out with other artist's exhibitions, do you get any inspiration from them or start thinking about your work any differently? Maybe unconsciously. I don't know, I think that always happens when I go to a show. I don't think it really makes a difference if it's been at the gallery I used to work at or somewhere else. Although when my friend was exhibiting earlier this year, I was more involved, and she gave me this latex stuff that I haven't used before. So yes, I'm getting to know new material from artists I work with.

Yes, I've noticed how you use many interesting materials, what is it that makes you intrigued to try out many different kinds? Sometimes it's a simple feeling of what effect I want, what can give me this effect, like this crumbling feeling. If you think what could crumble you somehow get pretty fast to metal. Or I want to form so it has to be liquid. I think it's more a feeling of what something should express. I am some kind of a creature, an animal, so fur is pretty close to that. I think materials always tell so much in themselves. So if I want something completely repellant, or something that doesn't say anything in itself, mirrors are the



Vinnustofur eru áhugaverðar að mínu mati. Mér líður eins og ég hafi aðgang að huga listamanna þegar ég skoða vinnustofur þeirra. Segir vinnustofan þín mikið um þig og þitt listræna ferli? Ég held að vinnustofur listamanna segi vissulega sitthvað um þeirra listræna ferli, efnisval, o.fl. Vinnustofan mín segir sögu um mig sem listamann. Verkin mín eru oft byggð á rannsóknarvinnu um texta og myndir, þannig að hér má sjá mikið af bókum, tímaritum og myndum. Ég eyði miklum tíma hér við að skoða bækur, myndir og fæ hugmyndir.

Hver eru framtíðarplön þín varðandi ljósmyndun, myndlist og þig sjálfa? Rökræður varðandi mismunandi skilgreiningar ljósmyndunar eru enn í fullum gangi. Ljósmyndun er oft sýnd í myndlistarsamhengi en ég sé sjaldan verk sem glíma við að skilgreina miðilinn sem slíkan. Ljósmyndun mætir oft vissum fordómum fyrir að vera „bara“ heimild, en hún er svo miklu meira en það. Ljósmyndun getur fjallað um hvaða viðfangsefni sem er, ekki síst vegna þess að miðilinn er vinsæll og aðgengilegur. Ég hef gaman að ljósmyndum sem eru sjálfmeðvitaðar. Ég vil sjá meira af ljósmyndum sem fjalla bæði um viðfangsefnið og miðilinn, á sama tíma. Þar er áskorunin.

most repellant things, they completely throw you back at yourself. What I like about latex for example is that it completely takes in all the little details, it's a bit like photography, it makes an inside out copy of something.

Where did you learn to use and take on rough materials like glass and wood? When I studied in Switzerland I worked as a technician at museums, I'm not a professional, but you would need to build things, paint walls or use weird materials. Then again my grandmother was a seamstress and had a lot of sense for material, so I think this thing I have with material I get from her. The last contact to the world that my grandmother had was her fingers touching things – and she would say something like it would be soft. All this stuff that you access with your hands, it's a lot of information; there are a lot of stories in that.

Creative spaces are very interesting to me: being in a studio gives me the feeling of being inside the artists mind. Does your studio say a lot of you and your creative process? I think that artist's studios definitely talk about the creative process of an artist and about the interest in materials. My studio is an expression of my work. My work involves research, in texts and images, so there are a lot of books and magazines, and images. I actually spend a lot of time in my studio reading and browsing through books, finding imagery and ideas.

Any plans on continuing and developing your experiments with photography in the future? How would you like to see this art form evolve, not just in your own work but in general? The discussion around photography as in the difference between it being art and it being "just photography" is still in full swing. Photography is often used in an art context, but I rarely see it being an artwork itself, in a sense that it speaks about itself. It often has this stigma of just being a document even though it is so much more than that. I'd like to see more photography that speaks about itself and the thing it depicts, simultaneously. There is a whole universe of context that photography can touch upon, precisely because it is such an extremely popular medium. I like to look at photography that is sort of self-aware, that speaks about itself being a photograph and what that implies. I think there is a challenge there.